

Skýrsla líffæraflutninganefndar

1999



Í nefndinni sitja Sigurður Thorlacius tryggingayfirlæknir (formaður), Páll Ásmundsson yfirlæknir og Þorvaldur Jónsson skurðlæknir og frá 12. október 1999, Kristinn Sigvaldason umsjónarlæknir gjörgæsludeildar Sjúkrahúss Reykjavíkur (nú Landspítala Fossvogi). Ritari nefndarinnar er Una Björk Ómarsdóttir deildarstjóri á sjúkratryggingasviði TR.

Nefndin hélt fjóra fundi á árinu 1999.

Líffæri tekin til ígræðslu árið 1999

Engin líffæri voru tekin á Íslandi til ígræðslu á árinu. Tilvik sem uppfylltu skilmerki um heiladauða á árinu voru 5, en í engu þeirra reyndust vera forsendur fyrir líffæratöku.

Utanferðir íslenskra sjúklinga vegna líffæraígræðslna (fjöldi einstaklinga)

	Ígræðslur	Eftirlit	Forrannsókn	Á biðlista í lok árs
Hjarta	0	1	1*	0
Hjarta og lungu	0	0	1**	0
Lifur	1	0	2 (þrjár ferðir)	0
Nýru	3***	0	2****	7

* Sjúklingurinn var settur á biðlista eftir hjartaígræðslu vegna hjartavöðvakvilla (cardiomyopathiu) eftir forrannsókn á Ríkisspítalanum í Kaupmannahöfn. Vegna vaxandi einkenna gekkst hann undir hjartaskurðaðgerð hér á landi. Árangurinn af aðgerðinni var svo góður að hann var tekinn af ígræðslubiðlistanum.

** Sjúklingurinn fór á biðlista eftir hjarta og lungum, en dó nokkrum mánuðum síðar.

*** Ein ígræðsla nánýra af biðlista á Ríkisspítalanum í Kaupmannahöfn og tveir sjúklingar fengu ígrætt nýra frá lifandi gjafa, annar á Ríkisspítalanum í Kaupmannahöfn og hinn á Children's Hospital í Boston.

**** Tveir sjúklingar fóru á Ríkisspítalann í Kaupmannahöfn til að fá ígrætt nýra úr lifandi gjafa, en hætt var við í báðum tilvikum vegna óhagstæðrar niðurstöðu úr krossprófi sem gert var á staðnum.

Forrannsóknir og eftirlit hér á landi

Á árinu fór einn sjúklingur utan til eftirlits (á Harefield Hospital í London), 10 árum eftir hjartaígræðslu (siglinganefnd samþykkir almennt að fólk fari í eftirlit á aðgerðarstað 10

árum eftir ígræðsluaðgerðina). Eftirlit eftir líffæraígræðslu fór að öðru leyti fram á göngudeild vegna líffæraflutninga á Landspítalanum.

Fjórir sjúklingar fóru 5 ferðir á Ríkisspítalann í Kaupmannahöfn í forrannsókn vegna fyrirhugaðrar líffæraígræðslu að kröfu lækna þar, sem töldu að ekki væri hægt að setja viðkomandi sjúklinga á biðlista á grundvelli rannsókna hér á landi.

Kostnaður vegna líffæraígræðslna

Heildarkostnaður TR vegna forrannsókna, eftirlits og ígræðslna sem fram fóru á árinu 1999 var kr. 58.465.616. Þar af var sjúkrakostnaður á stofnunum erlendis kr. 50.059.191, ferðakostnaður kr. 3.328.578 og upphaldsdagpeningar kr. 5.077.847. Stór hluti þessa kostnaðar var vegna langvarandi meðferðar eins sjúklings á gjörgæsludeild.

Til samanburðar má nefna að heildarkostnaður TR vegna forrannsókna, eftirlits og ígræðslna sem fram fóru á árinu 1998 var kr. 31,6 milljónir og á árinu 1997 kr. 49,5 milljónir.

Samskipti við Ríkisspítalann vegna samningsins um líffæraflutninga

Í mars 1999 heimsóttu Karl Steinar Guðnason forstjóri TR, Kristbjörg Árnadóttir starfsmaður á sjúkratryggingadeild TR, Sigurður Thorlacius tryggingayfirlæknir og Una Björk Ómarsdóttir lögfræðingur á sjúkratryggingadeild TR Ríkisspítalann og áttu fund með Helle Ulrichsen lækningaforstjóra þar og sr. Birgi Ásgeirssyni, sem starfar á vegum TR í Kaupmannahöfn. Rætt var um samninginn um líffæraflutninga og hvernig samvinnan hefði gengið. Sérstaklega var rætt um það hvort nauðsynlegt sé að kalla íslenska sjúklinga til Kaupmannahafnar í rannsókn, áður en þeir eru settir á biðlista eftir líffæraígræðslu og gagnsemi þess að endurtaka rannsóknir sem þegar hafa verið gerðar á Íslandi. Lækningaforstjórinn lofaði að fara ofan í þetta mál með þeim læknum á Ríkisspítalanum sem koma að því. Einnig var rætt sérstaklega um greiðslur Ríkisspítalans á kostnaði sjúkrahúsa á Íslandi vegna líffæratöku þar. Á meðan samningurinn við Gautaborg var í gildi var þessi kostnaður greiddur þaðan, en hafði ekki verið greiddur eftir að samningurinn við Kaupmannahöfn tók gildi. Lækningaforstjórinn ætlaði að athuga hvað hægt væri að gera í því máli.

Athugun leiddi í ljós að greiðslurnar frá Gautaborg voru samkvæmt reglum sem giltu innan Svíþjóðar um að einstök fylki (lén) greiddu sjúkrahúsum í öðrum fylkjum kostnað vegna líffæratöku, en ekkert slíkt fyrirkomulag er í Danmörku.

Í október 1999 barst bréf frá Helle Ulrichsen þar sem tilkynnt var að frá og með 1. október 1999 myndi Ríkisspítalinn greiða íslenskum sjúkrahúsum þennan kostnað að hluta, 20.000 danskar krónur í hvert skipti sem læknafrá spítalanum kæmu og tækju líffæri.

Í desember 1999 komu nokkrir læknar frá Ríkisspítalanum til Íslands og heimsóttu Sjúkrahús Reykjavíkur og Landspítalann. Eftir heimsóknina féllust þeir á að forrannsóknum vegna líffæraígræðslna væri almennt hægt að sinna hér á landi.

Helstu breytingar á árinu 1999

Almennt eftirlit eftir hjarta-, lungna- og lifrarígræðslur færðist inn í landið. Ríkisspítalinn féllst á að greiða íslenskum sjúkrahúsum hluta kostnaðar vegna líffæratöku þar.

Reykjavík, 21. júní 2001

Sigurður Thorlacius
Kristinn Sigvaldason
Páll Ásmundsson
Þorvaldur Jónsson
Una Björk Ómarsdóttir

Nefndin leggur til að eftirfarandi aðilum verði m.a. send þessi skýrsla:

Axel Sigurðssyni lækni, lyflækningadeild Landspítala v/Hringbraut
Ásgeiri B. Ellertssyni yfirlækni, Grensásdeild Landspítala Fossvogi
Ásgeiri Haraldssyni prófessor, Barnaspítala Hringsins, Landspítala v/Hringbraut
Girish Hirlekar yfirlækni, svæfinga- og gjörgæsludeild FSA
Gísla Sigurðssyni yfirlækni, svæfinga- og gjörgæsludeild Landspítala v/Hringbraut
Gunnari Guðmundssyni lækni, lyflækningadeild Landspítala v/Hringbraut
Hildigunni Friðjónsdóttur hjúkrunarfræðingi, göngudeild Landspítala v/Hringbraut
Hróðmari Helgasyni lækni, Barnaspítala Hringsins, Landspítala v/Hringbraut
Jóhannesi M. Gunnarssyni lækningaforstjóra Landspítala
Jónasi Magnússyni prófessor, handlækningadeild Landspítala v/Hringbraut
Karli Steinari Guðnasyni forstjóra TR
Kristni Sigvaldasyni lækni, svæfinga- og gjörgæsludeild Landspítala Fossvogi
Ólafi Erni Arnarsyni yfirlækni, Landspítala Fossvogi
Páli Ásmundssyni yfirlækni, lyflækningadeild Landspítala v/Hringbraut
Sigurði Guðmundssyni landlækni
Sigurði Ólafssyni lækni, lyflækningadeild Landspítala Fossvogi
Sigurði Thorlacius tryggingayfirlækni
Unu Björk Ómarsdóttur deildarstjóra, sjúkratryggingasviði TR
Þorvaldi Jónssyni lækni, handlækningadeild Landspítala v/Hringbraut
Þórði Harðarsyni prófessor, lyflækningadeild Landspítala v/Hringbraut